

Skagafjarðarveitur

Fundur 1 ? 08.05. 2002

Miðvikudaginn 8. maí árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna saman til fundar kl. 17.00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Snorri Styrkársson, Árni Egilsson, og Einar Gíslason og Páll Pálsson framkvæmdastjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Nýkjörin stjórn skiptir með sér verkum
2. Fundarritari stjórnar
3. Starfið framundan (breyting á vatnsveitulögum)
4. Niðurstöður borana í Hrollleifsdal 2001
5. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra
6. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 17:00

AFGREIÐSLUR:

1. Fram kom tillaga um Snorra Styrkársson sem formann, Einar Gíslason sem varaformann og Árna Egilsson sem meðstjórnanda.

Samþykkt samhljóða.

2. Páll Pálsson framkvæmdastjóri bar fram þá tillögu að Margeir Friðriksson yrði fundarritari stjórnar og fengi greidda sömu þóknun og stjórnarmenn.

Samþykkt samhljóða.

3. Nokkrar umræður urðu um breytingar á vatnsveitulögum og starfið framundan.

Samþykkt að fela Páli Pálssyni í samráði við Kristján Jónasson endurskoðanda að leggja drög að samningi við Sveitarfélagið Skagafjörð um rekstur vatnsveitunnar.

4. Páll Pálsson veitustjóri kynnti niðurstöður borana í Hrollleifsdal 2001.

Samþykkt að láta fara fram hagkvæmnisathugun á hitaveitu ?út að austan? og leitað verður til Stoðar ehf. um það verk.

5. Samþykkt að fela formanni stjórnar að leggja drög að ráðningarsamningi við Pál Pálsson framkvæmdastjóra. Auk þess er Páli falið að fara yfir ráðningarmál annarra starfsmanna Skagafjarðarveitna.

6. Önnur mál:

6.1. Erindi frá stjórn Norðlenskrar orku ehf. um að Skagafjarðarveitur taki að sér færslu bókhalds og sjái um fjármál félagsins í samráði við stjórnarformann Norðlenskrar orku ehf.

Samþykkt samhljóða.

6.2. Árni Egilsson gerði lauslega grein fyrir stöðu Máka hf.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt og fundi slitið kl. 18:10

Fundarritari
Margeir Friðriksson

